

# Grænt bókhald

## Vegna ársins 2011

Sagaplast ehf.,  
Kt. 611293 – 2169  
Flokkur 5.1  
Gufunes  
112 Reykjavík

## Efnisinnihald:


- Yfirlýsing stjórnar
- Áritun endurskoðanda
- Almennar upplýsingar
- Breytur og auðlindanotkun

## Yfirlýsing stjórnar.

Sagaplast ehf, er í níunda skipti að færa grænt bókhald sbr. reglugerð nr 851/2002.

Starfsemin er spilliefnaþjónusta fyrir sveitarfélög á Íslandi. Ennfremur er hún fólgin í móttöku og útflutningi á böggum nælonnetum, pappír og plastefnum, rekstri dósamóttöku og flutningi og frágangi á drykkjarvöruumbúðum til útflutnings.

Virðingarfyllt  
f.h. stjórnar Sagaplast ehf,



framkvæmdastjóri

## Áritun endurskoðanda.

Til stjórnar Sagaplasts ehf.


Við höfum endurskoðað skýrslu um grænt bókhald Sagaplasts ehf. fyrir árið 2011 en hún hefur að geyma yfirlýsingu framkvæmdastjóra, yfirlit um auðlindanotkun ásamt öðrum upplýsingum um hvernig umhverfismálum félagsins er háttað. Skýrslan er lögð fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á skýrslunni á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 851/2002 um grænt bókhald. Samkvæmt henni ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægileg víska fáist um að tölur sem gefnar eru upp í skýrslunni séu réttar og í samræmi við fjárhagsbókhald félagsins. Endurskoðunin felur í sér athuganir á gögnum í fjárhagsbókhaldi til að sannreyna að fjárhæðir og upplýsingar sem koma fram í ársreikningnum séu í samræmi við skýrslu um grænt bókhald. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að skýrsla um grænt bókhald sé í samræmi við fjárhagsbókhald félagsins á árinu 2011, og aðrar upplýsingar sem í henni koma fram séu rétt fram settar.

Reykjavík, 4. júní 2012

**Grant Thornton endurskoðun ehf.**

  
Theodór Sigurbergsson  
löggiltur endurskoðandi

## Breytur um auðlindanotkun í grænu bókhaldi

Breyta	Eining	2011	2010
Rafmagn	kWh	108.880	101.196
Heitt vatn	m <sup>3</sup>	2.201	2.148
Vír v/böggunar	Kg	10.000	6.000
Bensín	Ltr.	653	771
Díselolífa	Ltr.	4.600	4.546
Plast v/Rafgeyma	m <sup>2</sup>	-	125

Plast var notað til að breiða yfir rafgeymakör en þetta vinnulag er ekki viðhaft lengur hjá Sagaplast og bindivír er notaður við böggun fyrir plast, pappír eða aðra úrgangsflokka sem eru sendir í endurvinnslufarveg. Á árinu 2010 var minna keypt inn af bindivír vegna birgða frá fyrra ári. Aukning vegna rafmagns má rekja til aukinnar vinnslu á endurvinnsluefnum.

Magntölur sem fram koma í grænu bókhaldi eru unnar upp úr reikningum og upplýsingum frá birgjum.

### **Kvartanir.**

Á árinu komu ekki fram neinar kvartanir og ekki urðu nein vinnuslys.